

EÐLISFRÆÐI Á ÍSLANDI VII - 1994

<i>Pórður Arason:</i> Formáli	11
<i>Jón Pétursson, Snorri P. Ingvarsson, Sigurgeir Kristjánsson, Yang Baohua og Haflíði P. Gíslason:</i>	
Heitar rafeindir í nykurrúmi GaAs	13
<i>Sigurgeir Kristjánsson, Haflíði P. Gíslason og Einar Ö. Sveinbjörnsson:</i>	
Veilusameindir gulls og litíns í kísli	31
<i>H. S. M. de Vries, F. G. C. Bijnen, F. J. M. Harren, J. H. P. Hackstein, L. A. C. J. Voesenek, L. Petruzzelli, C. W. P. M. Blom og J. Reuss:</i>	
Crossing the boundary between physics and biology with laser trace gas detection	43
<i>Gunnlaugur Björnsson og Einar H. Guðmundsson:</i>	
Stjarnfræðilegar athuganir í hrynjandi veröld	51
<i>Jakob Yngvason:</i> Grunnástand stórra skammtapunkta i segulsviði	59
<i>Guðni Axelsson:</i> Forðafræði jarðhitans	69
<i>Sigurður Þorsteinsson, Guðmundur Freyr Úlfarsson og Jón Egill Kristjánsson:</i>	
Könnun á illviðrislægð við Ísland með tölulegum reikningum	85
<i>Águst Kvaran, Huasheng Wang og Gísli Hólmars Jóhannesson:</i>	
Greining samsætusameinda með leysigeislajónun; $I^{79}Br$ og $I^{81}Br$	95
<i>Ágústa S. Loftsdóttir, Gunnar Pálsson og Viðar Guðmundsson:</i>	
Spunabylgjur og ljósísog í tvívíðu rafeindakerfi	105
<i>Halldór Fannar Guðjónsson og Jón Pétursson:</i>	
Aðferðir við forritun mælitækja: fjölrása talning ljóseinda	115
<i>Lee Drage, Jón Pétursson og Haflíði P. Gíslason:</i> Yfirborðshrif í ljómun	121
<i>Leó Kristjánsson:</i> Nokkrir áfangar í sögu eðlisfræðikennslu í íslenskum grunnskólum	125
<i>Steinunn S. Jakobsdóttir og Gunnar Guðmundsson:</i>	
Jarðskjálftamælingar jarðeðlissviðs Veðurstofu Íslands. SIL-netið	131
<i>Kristján Ágústsson:</i> Þenslumælingar jarðeðlissviðs Veðurstofu Íslands	139
<i>Snorri Þorgeir Ingvarsson:</i> Rekhreyfanleiki í litínibættu GaAs	147
<i>Sæberg Sigurðsson, Águst Kvaran og Þorsteinn I. Sigfusson:</i> Ljómun CFC bruna	157
<i>Kristján Leósson, Tryggvi Egilsson og Haflíði P. Gíslason:</i>	
Rek og sveim hlutleysandi íbótar á hálfleiðarasamskeytum	167
<i>Örn Helgason og Kristján Jónasson:</i> Mössbauermælingar á tinmagnetíti við hátt hitastig	173
<i>Ragnar K. Ásmundsson, Halldór Ö. Ólafsson, Ari Ólafsson, Arvydas Ruseckas og Guðmundur H. Guðmundsson:</i>	
Leit að CF_4 í útblæstri álvors	185

Formáli

Pórður Arason, Orkustofnun

Eðlisfræðifélag Íslands gekkst fyrir sinni 7. ráðstefnu á Nesjavöllum helgina 8.-9. október 1994. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Eðlisfræði á Íslandi VII*. Komin er hefð á að félagið heldur opna ráðstefnu um ýmis viðfangsefni eðlisfræðinnar að hausti til, annað hvert ár. Þar hafa eðlisfræðingar kynnt rannsóknarniðurstöður sínar, umræður orðið um eðlisfræðikennslu í framhaldsskólum og á háskólastigi, innri málefni stéttarinnar hafa verið rædd sem og móton stefnu í eðlisfræðirannsónum. Það má teljast lán íslenskra eðlisfræðinga að enginn sérhópur hefur eignast ráðstefnuna, heldur hefur hún haldist sem opinn umræðuvetvangur. Ekki er minnst um vert að ráðstefnurnar efla og styrkja persónuleg kynni meðal eðlisfræðinga sem ýtir vonandi undir samstarf milli stofnana. Ekki var miðað við sérstakt þema á Nesjavallaráðstefnunni, sem varð til þess að erindi urðu nokkuð fjölbreytt. Þetta veldur því að ráðstefnur verða nokkuð sundurlausar, en þessi fjölbreytni víkkar vonandi sjóndeildarhring eðlisfræðinga. Við getum vissulega stutt betur við bakið á hver öðrum.

Fyrri ráðstefnur hafa verið haldnar í Munaðarnesi, en sökum plássleysis var ákveðið að breyta til og sjá hvort annar staður hentaði betur. Eftir athugun á nokkrum stöðum ákvað stjórn félagsins að halda ráðstefnuna í Nesbúð á Nesjavöllum. Á aðalfundi Eðlisfræðifélagsins fyrir ári var rætt um að fækka erindum, þannig að erindi gætu verið ýtarlegri og meiri tími gæfist til umræðna. Fyrir ráðstefnuna var stefnt að því að velja áhugaverð erindi. Svona fyrirkomulag er örugglega mjög óæskilegt í litlu félagi, þar sem áhugasvið eru mjög fjölbreytt og ómögulegt að ákveða hvað sé áhugavert og hvað ekki. Ég fæ varla séð að okkur verði nokkurn tíma stætt á því að vísa félaga út í horn með erindi. Reyndin varð sú að mjög fáir sendu inn ósk um að halda fyrirlestur, og á endanum varð að leita logandi ljósi eftir fyrirlesurum. Fyrir ráðstefnuna voru útdráettir erinda gefnir úr í sérstöku hefti, sem er ótvíraður kostur fyrir ráðstefnugesti.

Samkvæmt hefð gat ritstjóri ekki mætt á ráðstefnuna, en mér heyrist að ágætlega hafi til tekist. Þó virðist sem nálægð við borgina hafi valdið nokkrum óróa sem ýtir undir skreppitúra á ráðstefnuna og í bæinn. Þá bar nokkuð á að menn mættu á ráðstefnuna án þess að hafa skráð sig til leiks, en slíkt er mjög óþægilegt fyrir þá sem sjá um skipulag. Einnig heyrist mér að umgangur annarra gesta í Nesbúð hafi truflað ráðstefnugesti. Eðlilegt er því að ræða fyrirkomulag næstu ráðstefnu á aðalfundi félagsins haustið 1995.

Sem fyrr var þess krafist af greinarhöfundum, að þeir skiliðu til ritstjóra tilbúnum og snyrtilega uppsettum greinum, eftir fyrirfram ákveðnu formi. Þetta hefur gefist vel og gerir starf ritstjóra þægilegt. Einnig næst að halda útgáfukostnaði í lágmarki. Ég hef ekki lagt mig fram um að gera athugasemdir við greinarnar, og lít svo á að efnistök, málfar, still og ályktanir séu algerlega á ábyrgð höfunda.

Að þessu sinni innheimtust 19 greinar í þetta rit af 29 erindum og veggspjöldum ráðstefnunnar. Þetta er svipað endurheimtuhlutfall og verið hefur á fyrri ráðstefnum. Skilafrestur fyrir greinar í ráðstefnuritið var upphaflega 1. nóvember, og að kvöldi þess dags voru þrjár greinar komnar til míni. Síðan hefur útgáfan dregist með jöfnum hraða, þar sem greinar eru yfirleitt alveg að verða tilbúnar. Þessi dráttur hefur vonandi ekki komið að sök.

Útgáfa ráðstefnuritsins er styrkt af Almanakssjóði Háskóla Íslands. Þá hvíldi undirbúningur ráðstefnunnar að mestu á *Bryndísi Brandsdóttur*, *Gunnlaugi Björnssyni* og *Þóru Jónsdóttur*. Fyrir hönd félagsmanna vil ég þakka þessum aðilum fyrir. *Páll Ingólfsson* útgáfustjóri Orkustofnunar á heiður skilinn fyrir aðstoð við frágang ritsins.

Orkustofnun, 16. desember 1994

Þórður Arason